



Útvistunarstefna upplýsingatæknimála

Það er stefna Fjarðabyggðar að útvista rekstri, hýsingu og þjónustu á upplýsingakerfum og upplýsingatækni til hæfra aðila sé það metið hagkvæmari kostur en að sveitarfélagið annist það sjálft. Útvistunarstefna sveitarfélagsins er hluti af upplýsingaöryggiskerfi Fjarðabyggðar og er útfærð í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Seðlabanka Íslands¹

Ef ákvörðun um útvistun tiltekins verkefnis eða kerfis er tekin, eða ákveðið er að gera breytingar á útvistun sem þegar er til staðar, skulu slíkar ákvarðanir lagðar fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Eftirtalдар kröfur eru gerðar til útvistunaraðila:

- Miða skal við að aðilinn sé vottaður samkvæmt ÍST 27001:2023 eða öðrum sambærilegum staðli. Verkkaupi skal sannreyna vottun og umfang vottunar hjá aðilanum.
- Aðilinn (verksali) skal fyrir hönd starfsmanna sinna staðfesta trúnaðar- og þagnarskyldu vegna þátta er þeir kunna að sjá eða verða áskynja um við vinnu sína fyrir verkkaupa.
- Að orðspor hýsingaraðila vegna verkefna af þessum toga sé gott.
- Að aðilinn hafi sett upp virkt gæðakerfi og starfi samkvæmt því. Til staðar séu ferlar þar sem tekið er á vandamálum sem upp kunna að koma og tryggt að þau séu leyst innan eðlilegs tímaramma og á ásættanlegan hátt. Þannig séu gæði rekstursins a.m.k. jafn mikil og ef verkinu hafi ekki verið útvistað.
- Að aðilinn starfi samkvæmt skriflegum ferlum í öllum þáttum hýsingar, þ.m.t. afritun, úrvinnslu þjónustubeiðna, eftirliti með stöðu vélbúnaðar sem hugbúnaðar.
- Að aðilinn sé með upplýsingaöryggiskerfi vegna reksturs upplýsingakerfa og búnaðar. Til staðar sé öryggisstefna, áhættumat og neyðaráætlun sem nái til þátta er lúta að rekstri kerfa verkkaupa.

Samningur um útvistun:

Gera skal samning við útvistunaraðila og tryggt skal að í samningi séu neðangreindir þættir til staðar:

- Almennt sé samningurinn um útvistun útfærður þannig að verkefnið samræmist lögum, reglum og öllum öðrum viðmiðunum sem sveitarfélagið hefur sett sér og mótað með öryggisstefnu sinni.
- Samningstími sé tilgreindur, gildistími, upphafs- og lokadagsetning, sem og upplýsingar um endurskoðun og slit samnings.
- Ítarleg lýsing á verkefni útvistunaraðila (verksala) skal vera til staðar. Skilgreina skal skyldur verksala og hvernig hann framkvæmir verkefni sín og uppfyllir samningsskyldur.
- Umfjöllun um hvar útvistuðum verkefnum er sinnt og hvar gögn er falla undir samning eru vistuð og unnin.
- Umfjöllun um aðferðafræði þjónustuveitanda vegna gagnaöryggis
- Skyldur (s.s. eftirlit og samskipti) Fjarðabyggðar (verkkaupa) skulu tilgreindar.

¹ Sjá Leiðbeinandi tilmæli Seðlabanka Íslands nr. 1/2025



- Möguleikar verkkaupa og/eða eftirlitsaðila til eftirlits séu ekki takmarkaðir á nokkurn hátt og slíkt sé tryggilega tekið fram í samningi.
- Að tilgræindur sé ábyrgðaraðili bæði hjá verkkaupa og verksala og hvernig samskiptum þeirra sé háttað.
- Útvistunardeja sé helst ekki til staðar. Sé slík deja til staðar, þá sé hún skilgreind. Lengd slíkrar deju skal takmörkuð við tvo að hámarki. Útvistunin sé innan EES dejuaðilinn sé vottaður og að a.m.k. jafn fær og verksali í því verkefni sem um ræðir og tryggt sé að allt eftirlit með dejunni sé til staðar á sama máta og ef dejuútvistun væri ekki til staðar.
- Eftirlit með breytingum á skipulagi verksala eða stöðu hans sé til staðar.
- Skilgreindir séu gæðamælikvarðar vegna verkþátta sem verksala er falið að leysa, eftir því sem það er unnt.
- Umfjöllun um hvaða ábyrgðaraðili innan eftirlitsskylda aðilans ber ábyrgð á eftirliti með því verkefni sem útvistað er og að þjónustuveitandi uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsskylda aðilans vegna verkefnisins. Sá aðili sem ber ábyrgð á eftirliti innan eftirlitsskylda aðilans verður að hafa næga þekkingu á hinu útvistaða verkefni til að geta haft eftirlit með því. Við tilgreiningu ábyrgðaraðila ætti að tiltaka starfstítl eða starfssvið innan viðkomandi fyrirtækis
- Afstaða til þess hvort að þjónustuveitanda beri að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem kann að leiða af störfum hans í þágu hins eftirlitsskylda aðila og ef svo er hverjar séu lágmarkskröfur til slíkra trygginga;
- Samskipti vegna verkefnisins séu til staðar, reglulegir samráðsfundir séu haldnir, þeir séu bókaðir og farið sé yfir gátlista verkkaupa hvað þessi verkefni varðar, á slíkum fundum.
- Áætlun vegna mögulegra vanefnda sé til staðar.
- Umfjöllun um þætti s.s. úrlausn ágreinings, uppsögn og uppsagnarfrestir, trúnaður og þagnarskylda sé til staðar.

Eftir að útvistunarsamningur hefur verið gerður:

- Aðilar fundi reglulega og fari yfir stöðu verkefna í samræmi við gátlista Fjarðabyggðar
- Eftirlit sé haft með afritun og stöðu afrita, veiruvörnum og spillihugbúnaðarvörnum sem og öðrum öryggisþáttum er lúta að rekstri.
- Niðurstöður funda séu skjalaðar.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 19. febrúar 2026

Jóna Arný Þórðardóttir

bæjarstjóri